

Akureyrarkaupstaður
Skipulagsráð
Geislagata 9
600 Akureyri

Akureyri, 24.1.2019

Varðar: Beiðni um framkvæmdarleyfi á Akureyrarflugvelli fyrir landfyllingu og jarðvegsskipti vegna undirbúnings uppsetningar aðflugsbúnaðar

Sótt er um framkvæmdarleyfi í samræmi við 1. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna undirbúnings uppsetningar aðflugsbúnaðar við Akureyrarflugvöll til að auka öryggi aðflugs úr norðri.

Um er að ræða fyllingu fyrir aðflugshallasendi vestan við norðurenda flugbrautarinnar og svo jarðvegsskipti undir stefnuvita austan við suðurenda flugbrautarinnar.

Framkvæmdin sem sótt er um er í samræmi við gildandi deiliskipulag og skipulagsráð var búið að fjalla um á fundi 14. febrúar 2018. Akureyrarflugvöllur er 2.400 m langur (flugbrautarlengd). Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 m.s.b. og tölulið 13.02 í 1. viðauka við lögina skal tilkynna til Skipulagsstofnunar, til ákvörðunar um matsskyldu, allar breytingar eða viðbætur við flugvöllinn sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Skipulagsstofnun úrskurðaði þann 3. september 2018 að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Staður framkvæmdar: Akureyrarflugvöllur, Eyjafjarðarbraut Landnúmer: 147548

Landeigandi: Ríkissjóður Íslands

Kennitala landeiganda: 540269-6459

Umráðandi lands: ISAVIA ohf.

Kennitala umráðanda: 550210-0370

Stærð framkvæmdasvæðis: Við norðurenda um 25.400 m² og við suðurenda um 2.000 m².

Samtals um 27.400 m²

Ný landfylling: 20.475 m²


Jarðvegsskipti: 500 m²

Áætluð lok framkvæmdar: október 2019

Heildar efnisþörf: Við norður enda 40.000 m³ og við suður enda 2.000 m³. Samtals 42.000 m³

Afmörkun framkvæmdasvæðis.

Framkvæmdasvæðið er tvískipt. Fyrst og fremst er um 75 m breið fylling á rúmlega 270 m kafla vestan við norðurenda flugbrautar, sjá mynd 1. Fyllingin rúmast öll innan þess svæðis sem samþykkt skipulag skilgreinir sem landfyllingu.



Mynd 1 Framkvæmdasvæði við norðurenda flugbrautar. Ný fylling er rauðmerkt. Tímabundinn slóði tengist Drottningarbraut þar sem slökkvistöð er fyrirhuguð í framtíðinni, ef verktaki óskar og Vegagerðin leyfir.

Framkvæmdasvæði við stefnuvita er um 2.000 m² svæði austur af suðurenda flugbrautar. Það er lítið að umfangi og er á svæði þar sem er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en flugleiðsögubúnaði samkvæmt skipulagsreglum Akureyrarflugvallar.

Lýsing framkvæmdar

Framkvæmdin er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða gerð svæðis fyrir aðflugshallasendi (GP) sem staðsettur verður við vestanverðan norðurenda flugbrautarinnar. Vegna aðflugshallasendisins þarf að gera landfyllingu sem er um 75 x 273 m að stærð eða um 2 ha.

Hins vegar er gerð svæðis fyrir stefnuvita austan suðurenda flugbrautar. Þar þarf að hafa jarðvegsskipti á um 500 m². Uppgreftir verður jafnað út á svæðinu og magn þess ræðst af dýpi niður á burðarhæft efni og þar með heildarstærð svæðisins, áætlað um 2.000 m².

Á báðum stöðum verða í framhaldinu sett upp loftnet, hæst um 15 m, og um 7 m² tengihús.



Mynd 2 Yfirlit yfir Akureyrarflugvöll og fyrirhugað framkvæmdasvæði. Ný fylling rauðmerkt.

Magntölur

Efnisþörf í jarðvegsskipti við stefnuvita er um 2.000 m³. Fyllingin við aðflugshallasendinn og slóða að honum er um 40.000 m³. Heildar efnisþörf er þannig um 42.000 m³.

Efnisflutningar

Á fyrirhuguðu flughlaði Akureyrarflugvallar er efni sem notað hefur verið sem farg og var flutt þangað úr Vaðlaheiðargöngum. Alls er gert ráð fyrir að nýta um 29.000 m³ af þessu efni. Þetta efni verður flutt innan flugvallarsvæðisins eftir jaðri öryggissvæðis flugvallarins. Þeir 13.000 m³ sem upp á vantar verður aðflutt og verktakinn leggur til úr viðurkenndum námum.



Mynd 4 Horft yfir efni úr Vaðlaheiðargöngum sem notað hefur verið sem farg þar sem nýtt flughlað Akureyrarflugvallar verður.

Aðkoma og slóðar

Aðkoma að landfyllingu við norðurenda verður frá veginum að flugstöðinni (820 Flugvallarvegur Akureyri) um hlið á flugvallargirðingu, gegnum landfyllingu væntanlegs flughlaðs og þaðan eftir jaðri öryggissvæðis flugbrautarinnar (sjá teikningu 4214-023-08-005). Til greina kemur, óski verktaki eftir, að gerður verður verði að auki tímabundinn slóði að vinnusvæðinu frá Drottningarbraut á móts við gatnamót Miðhúsabrautar og Drottningarbrautar en til þess þarf leyfi Vegagerðarinnar að liggja fyrir. Efnisþörf við þennan slóða er á bilinu 1.500 – 2.000 m³. Ræsi, 1 m í þvermál, yrði undir slóðann. Að verki loknu yrði þessi aðkomuslóði fjarlægður. (Þetta fyrirkomulag var haft við gerð endaöryggissvæðis og snúningsplans á norðurenda brautar, þá frá Leiruvegi.)

Aðkoma að stefnuvita við suðurenda flugbrautar er frá Eyjafjarðarbraut vestari (821) um núverandi reið- og gönguleið, fyrir sunnan flugvöllinn. Á meðan á efnisflutningum stendur við jarðvegsskiptin er nauðsynlegt að loka reið- og gönguleiðinni, fyrir annarri umferð en umferð verktaka og neyðarbíla, því ekki er hægt að tryggja öryggi vegfarenda. Framkvæmdartíminn er áætlaður um 2 vikur. Haft hefur verið samráð við hestamannafélagið Létti varðandi þetta atriði og verður þeim tilkynnt um lokun áður en til hennar kemur.

Girðingar

Lega núverandi flugvallagirðingu verður breytt í suðaustur horninu á meðan framkvæmdum stendur þannig að framkvæmdarsvæðið verði utan girðingar. Í lok verks verður suðurhlið flugvallargirðingar framlengd til austur út í vesturkvísl Eyjafjarðará og girðingarhluti austan flugbrautar fjarlægður. Í ferli er breyting á deiliskipulagi flugvallarsvæðisins þar sem þessi framtíðarlega girðingarinnar er ákvörðuð (samþykkt en bíður birtingar þegar þetta er skrifað). Óskað verður eftir framkvæmdarleyfi fyrir breyttri framtíðarlegu girðingarinnar á síðari stigum sé ekki hægt að veita það nú.

f.h. Isavia ohf

Fylgigögn:

- Akureyrarflugvöllur Aðflugsbúnaður ILS-19
 - Plan fyrir GP og stefnuviti – Yfirlitsmynd (teikning 4214-023-08-01-B1)
 - Plan fyrir aðflugshallasendi GP – Grunnmynd – Kennisnið (teikning 4214-023-08-02-A)
 - Plan fyrir aðflugshallasendi GP – Óhreyft land – Langsnið (teikning 4214-023-08-03-A)
 - Plan fyrir aðflugshallasendi GP – Þversnið (teikning 4214-023-08-04-A)
 - Vinnusvæði – norðurhluti – Efnistaka – yfirlitsmynd (teikning 4214-023-08-05-A)
 - Plan fyrir stefnuvita LOC – Grunnmynd – snið (teikning 4214-023-08-06-A)
- Akureyrarflugvöllur Eyjafjarðarbraut 147548
 - Aðflugsbúnaður ILS-19 – Tengihús – Matshlutar 16 og 17 – Afstöðumynd – Gunnmynd
 - Aðflugsbúnaður ILS-19 – Aðflugshallasendir, GP Undirstöður – Burðarvirki
 - Aðflugsbúnaður ILS-19 – Stefnuviti – Tengihús – Undirstöður – Burðarvirki
- Ákvörðun um matsskyldu, dagsett 3. September 2018
- ILS braut 19 – jarðvinna. Tækni- og verklýsing, viðauki 2 við verðkönnunargögn
- Akureyrarflugvöllur – Skipulagsreglur – Uppdráttur I

Afrit sent til:

Isavia ohf, b.t. Magnea Huld Ingólfssdóttir